

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.).

### FORSENDUR:

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögnum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanefnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Frá lokum október 2008 hefur eiginfjárstaða SPRON verið undir lögbundnum mörkum, en Fjármálaeftirlitið hefur veitt ítrekaða fresti í því skyni að gefa SPRON í samvinnu við kröfuhafa sína kost á að koma við raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag bankans. Frestur var fyrst veittur til 4 vikna með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. þann 30. október sl. Frestur var framlengdur um þrjár vikur með bréfi Fjármálaeftirlitsins þann 28. nóvember 2008 og svo aftur til 28. febrúar 2009 með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 16. desember 2008.

Fjármálaeftirlitið veitti SPRON síðast lengri frest til að auka eiginfjárgrunn sjóðsins með bréfi, dags. 27. febrúar 2009. Í bréfinu var þó sérstaklega tekið fram að Fjármálaeftirlitið teldi að ekki væri útilokað að grípa þyrfti til aðgerða af hálfu eftirlitsins á hendur sparissjóðnum innan þess tíma sem frestur var veittur til að koma eiginfjárgrunni sjóðsins í lögmætt horf. Í bréfi, dags. 12. mars 2009, greindi Fjármálaeftirlitið SPRON frá því að borist hefði bréf frá Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu varðandi lausafjárstöðu og gjaldfærni SPRON. Í áður nefndu bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 12. mars 2009 var óskað eftir nánari upplýsingum um það hvernig SPRON hygðist uppfylla kröfur um nauðsynlegt eigið fé og laust fé. Fjármálaeftirlitið óskaði jafnframt eftir því að alþjóðlegir kröfuhafar SPRON yrðu upplýstir um þá beiðni. Frestur var veittur til 18. mars. 2009. Fjármálaeftirlitið sendi jafnframt bréf til alþjóðlegra kröfuhafa SPRON þann 16. mars sl. þar sem fram kom að eiginfjórvarðann þyrfti að leysa með öðrum aðferðum en lánalengingum.

Með bréfi SPRON til Fjármálaeftirlitsins, dags. 18. mars 2009, fylgdi afrit af bréfi sparisjóðsins til Íbúðalánasjóðs þar sem bent er á leiðir til lausnar á fjármögnun félagsins með sölu fasteignabréfa til Íbúðalánasjóðs. Er þar ráðgerð annars vegar sala á 43 milljarða skuldabréfasafni og í framhaldinu sala annars safns veðskuldabréfa í erlendri mynt fyrir 20 milljarða króna. Í bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 20. mars 2009, til Fjármálaeftirlitsins er bent á að þó svo að samningar náist um sölu umræddra bréfa sé ólíklegt að slíkt bæti eiginfjárstöðu sparisjóðsins. Til þess verði ávöxtunarkrafan í þessum viðskiptum að vera lægri en sú krafa sem liggur til grundvallar bókfærðu verði bréfanna hjá sparisjóðnum.

Jafnframt er í bréfi Seðlabankans bent á að til þess að umrædd viðskipti bæti lausafjástöðu sparisjóðsins þurfi kaupverðið að vera hærra en nemur þeim lánnum sem sparisjóðurinn hefur fengið hjá Seðlabankanum gegn veði í téðum fasteignaveðbréfum. Þá er í öðru bréfi Seðlabankans, sem nánar er rakið hér síðar, vikið að þröngri lausafjástöðu sparisjóðsins. Fram kemur að sparisjóðurinn eigi mjög lítinn gjaldeyri og hafi því mjög takmarkaða getu til að bjarga stöðu sinni frá degi til dags með gjaldmiðlaskiptasamningum við Seðlabankann; staða sparisjóðsins á reikningi í Seðlabankanum hafi minnkað og að sparisjóðurinn eigi í vandræðum með að halda honum í réttu horfi frá degi til dags; sparisjóðurinn hafi gengið mjög á yfirdráttarheimild í stórgreiðslukerfi; engin teikn séu á lofti um að lausafjárstaðan muni rýmkast á þann hátt að sparisjóðurinn geti greitt upp í heild eða hluta skuld sína við Seðlabankann; sparisjóðurinn hafi ekki uppfyllt bindiskyldu síðustu mánuði; og jafnframt að Seðlabankinn hafi með samþykki stjórnvalda átt viðskipti við sparisjóðinn þrátt fyrir að hann uppfylli ekki reglur sem um það gilda.

Í niðurlagi bréfs Seðlabankans til Fjármálaeftirlitsins, dags. 20. mars 2009, er því lýst að sparisjóðurinn eigi engin verðbréf sem bankinn meti hæf til tryggingar. Þá kemur að síðustu fram það mat að ekki verði gripið til þrautavaraáana á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um Seðlabankann þar sem sparisjóðurinn uppfylli ekki eiginfjárskilyrði og geti ekki lagt fram tryggingar sem Seðlabankinn telji sér fært að samþykkja. Seðlabankinn meti stöðu sparisjóðsins á þann veg að hann geti ekki, að öðru óbreyttu, staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum sínum eða kröfuhöfum. Yfirvofandi vandamál sparisjóðsins gætu einnig haft neikvæð og keðjuverkandi áhrif á önnur fjármála fyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið ritaði sparisjóðnum bréf þann 21. mars 2009 þar sem áðurgreind atriði voru rakin og greint frá því mati Fjármálaeftirlitsins að staða sparisjóðsins væri orðin mjög alvarleg og lausafjár- og eiginfjárvandi virtist fara vaxandi. Jafnframt að veruleg hætta virtist vera á því að sparisjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar á næstunni. Af því tilefni var óskað eftir svörum frá stjórnendum sparisjóðsins við tilteknum álitaeftum sem rakin voru í fimm tölulíðum í bréfinu. Í svarbréfi sparisjóðsins, sem barst í dag 21. mars 2009, kemur fram að í næstu viku séu á umsömdum gjalddögum 563 milljónir króna. Sparisjóðurinn eigi 591 milljón króna í lausu fé og geti þannig mætt þessum greiðslum. Hins vegar sé ljóst að til að tryggja starfsemi sjóðsins á sama tímabili þurfi frekari fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands. Í lok bréfs SPRON er óskað eftir frekara svigrúmi til að leiða til lykta ágreiningu um uppbyggingu eiginfjárgrunnns með lengingu lána. Jafnframt er bent á að kröfuhafar SPRON hafi sett fram tilboð um samninga, nú síðast þann 18. mars 2009, og að ekki sé fullreynt hvort samningar geti náðst sem tryggi viðunandi niðurstöðu.

SPRON uppfyllir ekki skilyrði til að vera með gilt starfsleyfi og þrátt fyrir nokkurra mánaða frestun á aðgerðum Fjármálaeftirlitsins vegna þeirrar stöðu hefur ekki tekist að leysa eiginfjár- og lausafjávanda sjóðsins. Lausfjávandinn er nú kominn á það stig að veruleg hætta er á því að starfsemi bankans taki að truflast vegna þess á næstu dögum. Stjórn SPRON sendi nú síðdegis bréf til Fjármálaeftirlitsins þar sem

óskað var eftir því að eftirlitið gripi til aðgerða á grundvelli áður nefndra ákvæða laga nr. 161/2002 enda væru aðstæður sparisjóðsins orðnar með þeim hætti sem þar greinir.

Með vísan til ofangreinds er ljóst að staða sparisjóðsins er orðin þannig að ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki eiga við um sjóðinn. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að yfirvofandi og alvarlegur lausafjárskortur sjóðsins, og viðvarandi eiginfjárvandi, feli í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a. fyrrgreindra laga.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar SPRON og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Skilanefnd skal fara með öll málefni SPRON þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanefnd skal fylgja ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið. Jafnframt eru teknar eftirfarandi ákvarðanir um aðgerðir sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar:

## ÁKVÖRÐUN

### SKULDBINDINGAR

1. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar SPRON vegna innstæðna. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á yfirtökudegi, sbr. 7. tl. hér að neðan. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu. Allir skilmálar umræddra innlána um tímalengd, vaxtakjör, mynt o.þ.h. halda sér óbreytt gagnvart Nýja Kaupþingi banka hf. Yfirdráttur á veltureikningum ásamt tilheyrandi tryggingarréttindum flyst yfir til Nýja Kaupþings banka hf.
2. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur þó ekki innlánaskuldbindingar SPRON sem stofnað hefur verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi og/eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefur fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma hefur verið stofnað til innláns hjá SPRON. Þá yfirtekur Nýi Kaupþing banki hf. heldur ekki peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum sem kunna að eiga innlán hjá SPRON.
3. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur ekki ábyrgðir SPRON vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga erlendis, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindinga þeirra sem eiga virkan eignarhlut í SPRON og tengdra aðila, d) skuldbindinga við íslensk fjármálafyrirtæki; e) annarra sérstaklega tilgreindra ábyrgða.



## EIGNIR

4. Stofnað verður sérstakt hlutfélag í eigu SPRON sem tekur við öllum eignum félagsins og jafnframt við öllum tryggingaréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum SPRON. Dótturfélagið yfirtekur einnig skuldbindingu gagnvart Nýja Kaupþingi hf. vegna yfirtöku á innstæðuskuldbindingum SPRON. Hið nýja dótturfélag gefur út skuldabréf til Nýja Kaupþings banka hf. sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innlánsskuldbindingar skv. 1. tl., sbr. 2. tl. og ábyrgist hinar yfirteknu ábyrgðir skv. 3. tl. Allar eignir hins nýja dótturfélags SPRON skulu veðsettar til tryggingar fyrir skuldabréfinu sem og hlutabréf í dótturfélaginu. Tryggja skal að vextir skuldabréfsins standi undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings og að hagsmunir veðhafans séu tryggðir með viðeigandi skilmálum í trygginga- og lánaskjölum.
5. Eftirtöldum aðilum er falið að skrá eða yfirfæra réttindi og/eða eignarheimildir dótturfélags SPRON samkvæmt 4. tl. til allra þeirra réttinda sem framseld eru til þess með stoð í þessari ákvörðun:
  - a. Seðlabanka Íslands
  - b. Fjármálafyrirtækjum
  - c. Verðbréfaskráningu Íslands hf.
  - d. Þinglýsingastjórum, skv. ákvæðum þinglýsingarlaga nr. 39/1978
  - e. Landskrá fasteigna / Fasteignamat ríkisins
  - f. Einkaleyfastofu
  - g. Hýsingaraðilum léna sem SPRON og tengdir aðilar hafa nýtt sér
  - h. Fjarskiptafyrirtækjum
  - i. Þjóðskrá
  - j. Nasdaq OMX (Kauphöll Íslands)
  - k. Stjórnnum félaga sem bera ábyrgð á skráningu réttinda í hlutaskrá o.þ.h.
  - l. Öðrum þeim aðilum sem hafa með skráningu réttinda að gera.

## ÖNNUR ATRIÐI

6. Skilanefnd SPRON er falið að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd; staðreyna þau innlán sem falla undir gildissvið annars vegar 1. tl. og hins vegar 2. tl. þessarar ákvörðunar, stofna dótturfélag það sem tekur við eignum SPRON, útbúa þau skjöl sem nauðsynleg eru til að tryggja endurgjaldið samkvæmt 4. tl. og tryggingarréttindi sem því fylgja, og eftir atvikum hafa samráð við Kaupþing banka hf. um frágang þeirra.
7. Yfirfærsla innlána samkvæmt ofangreindu fer fram eigi síðar en kl. 09.00 sunnudaginn 22. mars 2009. Stofnun dótturfélags, yfirfærsla eigna og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 6. apríl 2009.
8. Engin vanefndaúrræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari. Ákvörðun þessi tekur jafnframt til innstæðna dótturfélags SPRON, nb.is – sparisjóðs hf. og eigna þess félags.

Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

#### FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

21. mars 2009



Gunnar Haraldsson  
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason  
Forstjóri